

## AUGLÝSING

99

30. júní

### um breyting á gjaldskrá rafveitu Hafnarfjarðar.

Heimilt skal rafveitunni að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá rafveitunnar um 1% — einn af hundraði — fyrir hver 4 stig, er verðlagsvisitala er umfram 100.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1942.*

F. h. r.

**Vígús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

100

3. júlí

### um breyting á reglugerð um iðnaðarnám, nr. 38 29. marz 1941.

1. gr.

Í 1. gr. A., á eftir „beykisiðn“ komi: bifreiðasmíði. Á eftir „prentiðn“ komi: prentmyndaljósmýndun, prentmyndasmíði. Á eftir „úrsmíði“ komi: útvarpsvirkjun. Í B-lið sömu greinar falli burt: prentmyndamótarar, prentmyndatökumenn.

2. gr.

Í 12. gr., á eftir „beykisiðn“ komi: bifreiðasmíði. Á eftir „úrsmíði“ komi: útvarpsvirkjun.

3. gr.

Í 13. gr., á undan tölulið 2. „Bifvélavirkjun“ komi nýr töluliður:

#### 3. Bifreiðasmíði.

Nemandi skal velja með drætti eitt atriði úr hverjum neðanskráðra flokka og framkvæma þau atriði, sem hann dregur. Auk þess skal hann sýna kunnáttu sína í rafsuðu og logsjóða saman tvær 1 m/m þykkar járnplötur, er séu að minnsta kosti 50 cm á hvern veg.

##### 1. flokkur:

- a. Smíða staf í bogna hurð.
- b. Smíða bita í þak.
- c. Setja saman eitt hurðarhorn.

##### 2. flokkur:

- a. Smíða járnklofa, er tengi framstykki við undirvagn.
- b. Smíða járnbeygju, er tengi framstykki við hlið.
- c. Smíða stykki í völtuás.
- d. Leggja járn á gluggahorn.
- e. Kúpa 1 m/m járnplötu.
- f. Smíða upp og breyta aurhlífum.